

Bakki

Ari Gíslason skráði. Heimild hans var örnefnaskrá Þórarins í Steintúni, en Jón Valdimarsson á Bakkafirði fór yfir.

Sigmar I. Torfason, prófastur á Skeggjastöðum, fór yfir skrá Ara 1982 og gerði nokkrar athugasemdir við hana. Einnig svaraði hann spurningum Örnefnastofnunar varðandi örnefni á Bakka. Svör Sigmars ásamt athugasemdum eru hér felld inn í upphaflegu skrána, en auðkennd með hornklofum. Hann skráði enn fremur örnefni í Bakkatúni. Aðalheimildarmaður hans var Lára Höjgaard, húsfreyja á Bakka, fædd 3. desember 1912 og hafði átt þar heima síðan.

Bakki er jörð í Skeggjastaðahreppi næst austan við Skeggjastaði og Dalhús. Bærinn stendur við sjó, en á land frá **Bakkaá** (1) og að **Hafnará** (2). Verður þá fyrst talið með sjó. Hafnará er að mestu á merkjum að austan, og verður þá byrjað við ós hennar, **Hafnarárós** (3).

Fyrsti hluti fjörunnar er vanalega nefndur **Árfjara** (4), sem nær að **Yztanefi** (5), sem er klettarani, er liggur þar fram í sjóinn. Þá er heldur nær Bakka **Miðnef** (6). **Miðnefsbás** (7) er vik, þar sem gengið er niður í fjöruna, og þar miðja vegu um kemur niður lækur, **Grasdalslækur** (8), sem kemur ofan úr smásundi þar fyrir ofan, sem heitir **Grasdalur** (9), liggur þar upp í svonefndan **Bakkaháls** (10), er síðar getur. [Þ.e. lækurinn kemur ofan úr Bakkahálsi.]

Þá er **Krummanef** (11), er gengur fram í sjó, næsta nef innan við Miðnefið. Þar sem bakkarnir eru háir, heitir **Krummabás** (12). Norðan í sjálfu Krummanefinu er örlítill fjara, myndast vik inn í nefið. Þetta er 6 - 8 metra langt og heitir **Litlibás** (13). Þar þurfti oft að bjarga fé upp. Inn af Krummanefinu er fjara utan til kölluð **Klungur** (14). Þar eru bergbakkar að, og þar innar er svo **Skriðan** (15), og utarlega undir Skriðunni er þar frammi **Selasteinn** (16). Þá er **Bakkakrókur** (17), er heim við tún, var smákrókur af víkinni, sem annars var nefnd **Bakkavík** (18) eða **Lending** (19). Vestan við Lendinguna er **Bæjarflúð** (20), sem myndar Lendinguna að vestan, meðan Skriðan myndar hana að austan. Svo er önnur flúð, sem nefnd er **Lækjarflúð** (21). Þá er nafnlaust svæði í fjörunni að **Kríukletti** (22), og **Kríusund** (23) er austan undir Kríukletti, og þar út af er **Sigrúnarsker** (24), var

kennt við franska skútu, sem strandaði þar. Nafnið er því eitthvað afbakað. [Ekkert er frekar vitað um nafnið Sigrúnarsker, en óljós sögn um franska skútu, er þar hafi strandað, og mannbjörg varð eftir áheiti skipstjóra á Skeggjastaðakirkju. Kvað prédikunarstóll kirkjunnar vera efnd þessa áheits. Hann er talinn danskur frá 18. öld.]

Þá er **Réttarhöfði** (25) vestan við Kríuklett, og þar fram er löng flúð, **Réttarhöfðaflúð** (26), sem er alllangt frá bæ, þ.e. Réttarhöfðinn. [Ekki er nein rétt við Réttarhöfða, en hefur líklega verið þar fyrrum.] Þar á milli eru **Sandbrot** (27), og þar inn af er svo **Bakkasandur** (28) inn að Bakkaá. Malarkambur myndast ofan við sandinn austanverðan, sem heitir **Bláamöl** (29). Inn af Bakka, ofan við þetta, er svo flóastykki, sem heitir **Bakkafloí** (30). Þar var tjörn, sem nú er horfin og hét **Lómatjörn** (31).

Bakkaá skilur lönd Bakka og Skeggjastaða og Bakka og Dalhúsa. Bakkaá myndast af Gæsagilsá og Dalhúsaá. Skömmu eftir að þær koma saman, rennur **Hölná** (32) í hana að austan, og eftir það heitir það Bakkaá. Sandbrotin fyrrnefndu heita svo frá túni og að læk þeim, sem heitir **Sandlækur** (33). Frá læknum vestur að Bakkaá og inn að **Tvísteinum** (34) heitir það **Fremribrot** (35). Tvísteinar eru smáhólar með grasvörðu á, [klapparholt með allmörgum steinum, en tveir einna mestir.]

Neðan við Sandabrot, meðfram ánni, er **Stekkjarnes** (36), greinileg brekka. Þar sem kom ofan af brotunum, heitir **Stekkjarringur** (37), er að fara í ána og að einhverju leyti undir veginn. [Stekkjarrústir á Stekkjarnesi fóru undir veg. Stekkjarringur er líklega hringlaga. Torfgarðændar náðu fram á árbakka Bakkaár, og braut áin þar land. En öll ummerki garða og stekkjarafráðust við vegar- og brúargerð.] Neðsti hylurinn á ánni hét **Flóðvaðshylur** (38). Neðan hans var **Flóðvað** (39) og **Háubakkavað** (40) ofan hans, og af Stekkjarnesinu var **Stekkjjarvað** (41). Engin þessi vöð eru nú notuð.

Þá er **Ytri-Vegadokk** (42), er við götuna frá Bakka að Dalhúsum, spöl inn með þeim. Við Tvísteina skiptast leiðir til Vopnafjarðar og Dalhúsa. Þá er þar nokkuð innar **Hölnárhvammur** (43), þar sem Hölná kemur þvert að austan í ána, sem síðar heitir Bakkaá. Sléttur melur er þar austan við ána alla leið frá Tvísteinum og heitir **Tvísteinamelur** (44). Fyrst er Vegadokk, svo er aurskriða inn með Bakkaá, og svo er Hölnárhvammur upp með Hölná. Sennilega hefur allt heitið það upp að **Beitarhúsum** (45), en hvammurinn, þar sem vegurinn lá að Hölná og liggur enn, hét ýmist **Vaðhvammur** (46) eða **Vegahvammur** (47). Þá var **Þverholt** (48) eða **Beitarhúsamelur** (49). **Hölnáreyrar** (50) eru inn með ánni, og Þverholtið er á þeim. Hölnáreyrar ná út að Beitarhúsamel, svo er það **Stórholt** (51), sem takmarkar það.

Þá er að fara yfir Hölkná og taka innan hennar. Þá eru þar fyrst svonefndir **Hölknármelar** (52) innan við ána. Brekka neðan í þeim, móti Dalhúsum, heitir **Enni** (53). Þar nokkuð innar með ánni er **Innri-Vegadokk** (54), þar sem vegur frá Dalhúsum lá upp frá ánni. Þá eru **Reiðhryggur** (55) og **Reiðhryggsflói** (56), sem hvorttveggja tilheyrir að nokkru leyti Nýjabæ. Þetta er inn af melunum, skilið í sundur af leirkeldu, er skilur að Hölknármela og Reiðhrygg. Þá er **Miðtungu** (57) samhliða Reiðhrygg, aðskilið af flóadragi. **Heiðarþúfuflói** (58) er austur af Miðhrygg, og þar austar er svo **Heiðarþúfuháls** (59); þvert yfir þetta eru merki móti Nýjabæ.

Frá Heiðarþúfuhálsi förum við svo austur yfir Hölkná, og þar heitir fyrst **Hlöðueyri** (60), smámalareyri, við hana er svo nefnt **Hlaða** (61) [Þar var fyrrum heyhlaða fyrir úthey, reist á rústum Ytrasels.], er við smálæk og hefur áður heitið **Ytrasel** (62), en nú heitir lækurinn **Hlöðulækur** (63), og þar nokkuð innar eru svo **Innrasel** (64) og **Innri-Sellækur** (65). Svæðið frá Hlöðulæk að Innri-Sellæk er kallað **Milli selja** (66). [Seljarústir eru í Innra- (eða Fremra-) og Ytraseli, en mjög aflagaðar, því mjög var tíðkað að kasta heyjum á gömlum rústum og tóftum nærri engjum.]

Líklega er bezt að fara ekki lengra þarna í svip og byrja aftur heima við. Bakkaflóinn fyrrnefndi var inn af Bakkabæjum og nær inn að Hölkná, er vestanverðu við Bakkaháls. Innan við flóann heitir **Grísarholt** (67), mun kennt við mann. Þar eru sjáanlegar tættur eins og eftir lítinn bæ. Tætturnar eru nefndar **Grísarkot** (68). Þá er **Bakkadalur** (69). Inn með honum að vestan er Stórholtið, sem fyrr var getið. Þetta holt liggur á ská inn með öllu. Úr Bakkadal fellur **Stórholtslækur** (70) í Sandalæk, sem fyrr getur. Austan við Bakkadalinn er fjallið nefnt **Hádegisfjall** (71). **Hádegislækur** (72) fellur úr fjallinu í Stórholtslæk.

Í Bakkadal jafnhliða Stórholti liggur **Miðholt** (73), og utan við það er **Miðholtslækur** (74), en innan við holtið og neðan við Stórholtið inn með Hölkná er **Hlöðuengi** (75). Á Stórholtinu utanverðu eru þrjár vörður, **Prívörður** (76). Sundið milli Miðholts og Stórholts er nefnt **Stórholtshall** (77), eða **Hallið með Stórholtinu** (78).

Vestan við ytri endann á Miðholtinu er **Kúafлага** (79), nær aðeins út fyrir Miðholtið og á milli Miðholts og Hádegisfjalls. Svo kemur smálækur úr fjallinu, **Góðuflogulækur** (80), og engið þar inn af **Góðaflaga** (81). Svo tekur við Hlöðuengið fyrrnefnda, frá fjalli að Hölkná og inn að Hlöðulæk, sem fyrr var getið.

Þá er svæðið, sem fyrr var nefnt og með réttu hefði bezt verið tekið hér inn með Hölknánni, frá Hlöðueyri og inn að Innri-Sellæk.

Frá Innraselinu er engjateigur á ská upp í fjallið, sem heitir **Axlarflaga efri** (82), svo er **Axlarflaga neðri** (83), er niðri á flatlendinu, innan við Sellækinn og að Hölkná, er

samhliða efri flögunni. Þá er hér beygja á Hölkná, þar sem hún kemur beint úr austri, þar heita **Krókar** (84). Þarna rennur Skálafjallalækur í Hölkná að sunnan frá.

Svo heita **Axlir** (85) upp með Hölkná, þar sem hún beygir meira. Það eru hlíðarslakkar frá háfjallinu suður að ánni. Þar kemur nafnlaus melur, melhryggur, og ofan þessa melhryggs eru **Efrilón** (86). Hryggurinn hér er framhald af **Bakkanúp** (87), skerst þar í sundur, og nú fer Bakki að eiga aftur inn fyrir Hölkná. Þar innar heitir svo stórt svæði einu nafni **Tjarnir** (88). Það er frá Hölkná inn með Bakkanúp austanverðum. Í þessu svæði eru svo **Langatjörn** (89) og **Mjóatjörn** (90). Svo að austan takmarkast þetta svæði af **Ljósalandsvatni** (91) og **Hólmavatni** (92). Þess má og geta, að hálandið hér er nefnt einu nafni **Bakkaheiði** (93).

Nú verður tekið aftur og frá Öxlunum og út eftir. Þá eru fyrst nafnlausir melar. Þar myndast og dalur, sem heitir **Hafnardalur** (94), meðfram Hafnará, og liggur hann næstum því suður að Hölkná bak við Axlirnar. Vatnaskil eru þar rétt hjá.

Axlir eru út frá Hölknárlónum. **Neðrilón** (95) eru vestar. Inn af þeim er Bakkavatn, en það tilheyrir Nýjabæ, en Efrilón eru austar, rétt við Hólmavatn. Axlirnar eru eins og hafi myndast þrengsli á melunum, flæðir stundum yfir allt saman (?), ef vöxtur er í ám. Norður frá Neðrilónum, við Axlirnar, er svo flói, sem heitir **Kristjönuflói** (96). [Ekki er vitað um tilefni örnefnis.] Þar myndast lækjardrag, sem svo eru fyrstu drög að Hafnará. Í þessum flóa á upptök sín kelda, sem heitir **Þorskhausakelda** (97), líklega hefur legið þar inn með ánni vegur og komið á heiðarveg á [Langahrauni]. E.t.v. að þorskhausaklif hafi farið þar af. Þar eru merki, svo er þaðan nafnlaus melur og mýrar austur á merki. Í **Kríutjarnarflóa** (98) er Þorskhausakeldan; vestan við þann flóa er ás, sem heitir **Miðás** (99). Milli hans og Selfjalls er **Þorláksflói** (100). [Ekki er vitað um tilefni örnefnis.] [**Selfló** (101) er suðsuðvestur af Þorláksflóa og austan við **Selfjall** (102). Móahaft er á milli þessara flóa.]

Selfjall er vestan við [Selflóa] (Þorláksflóa A.G.). Það er upp af **Fremraseli** (103), sem fyrr var getið, og sunnan á því Selfjalli eru svo Axlirnar, en þetta Selfjall er framhald af Hádegisfjallinu fyrrnefnda. Út frá Þorláksflóa er svo Hádegisfjallið, sem er hæðarbrekka upp frá Bakkadalnum.

Milli Hádegisfjalls, Bakkaháls að utan og Miðáss myndast **Hádegisflói** (104), en lægðin, sem myndast þar, heitir **Hádegisslakki** (105). Svo heitir Bakkaháls alla leið út með Hafnará, og á honum, utan við Hádegisflóa, er smáflóadrag, sem heitir **Miðdegisflói** (106). Milli þeirra eru **Strandhafnarmóar** (107). Þar lá gata til Strandhafnar.

Vestan í hálsinum frá Grísholti heitir **Sveigar** (108), bugur, sem myndast og skilur Bakkadal frá Bakkaflóa. Upp af Sveigendanum er melhóll, sem kallaður er **Stórhóll** (109).

Þar út frá er í hálsinum **Kotmýri** (110), nú tún. Þar var býli, sem hét **Kot** (111). Svo er smáhall á ská í hálsinum þar utar, heitir **Jónsmýri** (112). [Ekki er vitað, af hverju hún er nefnd svo.] Þar liggur svo **Bakkamelur** (113) á allstóru stykki út að Hafnará. Í honum er Grasdalurinn, sem fyrr var getið. Þvert frá Stórholti og að Miðdegisflóa eru tvö sund, nefnd **Sigurðarstaðasund** (114), því að við Hafnará var býlið **Sigurðarstaðir** (115). Hallinn niður frá Sigurðarstaðasundum, niður af Bakkamel, heitir einu nafni **Ármýri** (116). Sigurðarstaðir voru í byggð 1848–92, heita eftir Sigurði Gíslasyni, sem þar bjó. Þar var búið stórt á tímabili, og eitt sinn var þar þrúbýli. [Ath. Þar var aldrei búið stórt, jafnan var þar bláfátækt fólk og stundum margt.]

Örnefni í Bakkatúni.

Sunnan við Bakkatún er stór mýrafláki, sem nefnist Bakkaflói. Úr þessum flóa kemur lítill lækur, sem rennur til sjávar gegnum túnið á Bakka. Lækur þessi heitir **Bæjarkelda** (117), oftast nefndur **Kelda** (118). Hún er fremur vatnslítill nema í leysingum, en er mjög niðurgrafin með djúpum pyttum. Ferst þar oft fé, og sagt er, að þar hafi drukknað tvö stúlkubörn. Ókunnugt er nafn hins fyrra, en hið síðara, sem var á öðru ári og hét Guðfinna Halldórsdóttir, drukknaði 31. maí 1853. Foreldrar voru Halldór Helgason og Anna Ólafsdóttir, áður vinnuhjú á Nýjabæ, en þetta ár húsmennskuhjón á Sigurðarstöðum (hjá Bakka), voru síðar í Pistilfirði og á Sléttu. Anna var síðast á Raufarhöfn (Anna í Kofanum, fyrsti gestgjafi á Raufarhöfn, sjá Sagnaþætti II. 2, eftir Benjamín Sigvaldason). Barnið Guðfinna, f. 20 okt. 1851 á Nýjabæ, var gestkomandi á Bakka með móður sinni, sem hjálpaði heimafólki við rúning geldfjár. Barnið sofnaði í ullarbing í fjárhúsgarða í Barðhúsi, en fólkið flutti sig í annað hús, Marteinhús, til að rýja þar. Bæði þessi fjárhús voru vestan við Kelduna, en bærinn austan við. Þegar gáð var að barninu, var það horfið og fannst drukknað í pytti í Keldunni, rétt á móts við núverandi íbúðarhús hjónanna, Marínós bónda Sigurðssonar og Láru Höjgaard.

Verða nú talin örnefni austan Keldu, fyrst meðfram sjónum. **Kristínarhóll** (119), vestan við gamla bæjarstæðið og nær vestur að Keldu. Norðanvert í hólnum er **Öskubakki** (120). Sú sögn fylgir hólnum, að Kristínar tvær hafi deilt þar og heitast hvor við aðra með svo miklum ákvæðum, að þær sukku þar báðar í jörð niður. Dokk er þar í hólnum miðjum. Þá er **Fiskihúshóll** (121); á honum er gamla bæjarstæðið. Oftast tvíbýli (**Austurbær** (122) og **Norðurbær** (123)) á 19. og fram á 20. öld, nema fyrir 1820 og 1837–1860. Austan við Fiskihúshól er **Brunndokk** (124): niðri í henni var brunnur, sem allt neyzluvatn var tekið úr.

Nokkru ofar í dokkinni voru fyrrum jarðsettir tveir Fransmenn, og má enn sjá þar dálitla þúst, leifar af upphleðslu, sem þáverandi ábúendur létu gjöra. Skipstjórar sáu sjálfir um yfirsöng, en fengu leyfi landeigenda, þar sem þess var kostur.

Austan við Brunndokk er **Hjallhóll** (125). Þar byggðu bræðurnir Þorsteinn og Magnús Valdimarssynir íbúðarhús steinsteypt vorið 1935, sem enn stendur, í eyði 1961 og alfarið í eyði frá 1970. Hjallhóll er líka nefndur **Hjallhúshóll** (126), og austan við hann tekur við **Langhóll** (127), sem endar við **Borgartúnsdokk** (128), gilskorning, sem nær niður í fjöru, með nokkru vatnsrennsli, einkum í leysingum og rigningum. Langhóll er nú sléttur, en austast á honum stóðu fyrrum fjárhús og hlaða, **Marteinshús** (129) og **Marteinshlaða** (130), og áfast við Marteinhús stóð annað fjárhús, nefnt **Sveinshús** (131). Hið síðarnefnda kann að vera kennt við Svein Jónsson, bónda á Bakka 1832–1837. (Kona hans var Björg Helgadóttir prests á Húsavík Benediktssonar.) Marteinn finnst enginn meðal bænda á Bakka eftir 1783, en 1846 er þar vinnumaður hjá Þorsteini ríka, Marteinn Eiríksson úr Vopnafirði. Það er einungis tilgáta, að húsin tækju nafn af honum, ef hann hefði unnið að smíð þeirra. Austan við Borgartúnsdokk er **Borgartún** (132), sem dregur nafn af gamalli sauðaborg, er hvarf um leið og túnið var sléttað laust fyrir 1960.

Næst verður haldið suður frá gamla bæjarstæðinu, upp með Keldunni. Þar er fyrst **Sandtunga** (133). Syðst á henni stendur steinsteypt íbúðarhús þeirra Marínós og Láru, byggt vorið 1935. Þá eru **Kvíamóssléttur** (134), er draga nafn af kvíum, sem þar voru áður í þýfðum mó. Næst eru **Réttarmóssléttur** (135). Áður var þar syðst í **Réttarmónum** (136) skilarétt, gerð úr timbri. Var hún notuð fram undir 1920, en þá var skilarétt færð og gerð að nýju innarlega á Fremribrotum, út og upp af Stekkjarnesi. Sunnan við Réttarmóssléttur heita **Einarssléttur** (137), kenndar við Einar Höjgaard, bróður Láru, sem einnig bjó á Bakka. Þá er loks syðst, næst túngirðingu og austur með henni, sáðslétta, sem nefnist **Austaraflag** (138), unnin með traktor frá Eskifirði sumarið 1938. Nafnið flag stafaði af því, að sáðgresið entist illa.

Þá verða talin örnefni í túni ofan (þ.e. norðaustanvert) við síðast talið og byrjað aftur heima við gamla bæjarstæðið. Næst því og sunnan við kálgarðinn heitir **Strandhafnarstykki** (139), æðistór túnskák. Þar voru með stuttu millibili reist þrenn fjárhús og hlöður þriggja bænda, Magnúsar Valdimarssonar, Marínós Sigurðssonar og Einars Friðrikssonar, og voru húsin kennd við þá. Nafnið Strandhafnarstykki er talið dregið af því, að um það lá gata á leið til Strandhafnar í Vopnafirði og áfram inn og upp Bakkaháls og yfir Kotamýrina neðst. Núverandi akvegur eða heimreið af Þjóðvegi á Bakkamel liggur á mótum hólanna, sem fyrr voru taldir, og Strandhafnarstykkis.

Í brekkuhalli, ofanvert við áðurnefnd þrenn fjárhús, heita **Dabbafléttur** (140). Þar stóð áður lítið fjárhús, **Dabbakofi** (141), kenndur við Davíð Davíðsson, sem var í sjálfsmennsku á Bakka, en áður í Höfn, sonur Ingveldar Gísladóttur þar (sjá Gráskinnu hina meiri, I. bindi, bls. 100 neðanmáls). Á Dabbafléttum er eitt leiði Fransmanns upphlaðið. Ekki snýr það austur-vestur, heldur suður-norður, að fyrir lagi þess skipstjóra, sem þar jarðsöng sjálfur, líklega um 1905. Skammt upp af Dabbafléttum byggði sér bæ Friðrik Einarsson frá Grímsstöðum í Þistilfirði, móðurbróðir Láru Höjgaard; var þar kallað **Á Mel** (142), en ávallt nefnt Bakki í manntölum. Sonur Friðriks, Einar, bjó þar eftir hann með móður sinni, Guðrúnu Vigfúsdóttur, og byggði þar hús steinsteypt (líklega eftir 1950) og bjó þar til æviloka 1965. Fór býlið í eyði skömmu síðar og hefir ekki byggzt aftur. Nokkur túnblettur var þar í kring og trjágróður í garði við bæ, sem ekki hefir lifað af hin undanfögnu köldu ár.

Síðast verða hér talin örnefni í Bakkatúni vestan við Kelduna og aftur byrjað næst sjó og haldið suður. Fyrst er **Barðhúshóll** (143). Þar stóðu fjárhús og hlaða, **Barðhús** (144) og **Barðhúshlaða** (145). Þar hefir nú allt verið sléttað. Þá kemur **Lambhúshóll** (146). Þar var áður **Lambhús** (147) og **Lambhúshlaða** (148), sem nú hefir verið sléttað yfir. Næst er **Smiðjustykki** (149). Þar stóð áður smiðja á vesturbakka Keldunnar. Rétt þar sunnan við reisti Einar Höjgaard steinsteypt íbúðarhús (líklega fyrir 1940). Sunnan við Smiðjustykki er **Gamli-Nátthagi** (150). Þar var áður girtur af nátthagi, en er nú tún. Suður af Gamla-Nátthaga tekur við **Vestaraflag** (151), og nær það allt að túngirðingunni við þjóðveg.

Nú er aftur byrjað við sjó. Vestan við Barðhúshól er gildrag niður í fjöru, sem heitir **Vestari-Kelda** (152). Fyrir vestan heitir **Innri-Hringur** (153) og enn vestar **Ytri-Hringur** (154). Suður af honum heitir **Grund** (155). Þar vestan við var afgirt svæði, nefnt **Vestarigirðing** (156), sem er nú ræktað tún.

Fleiri örnefni í Bakkatúni hafa ekki verið nefnd.

Stafrófsskrá örnefna

Á Mel 142 = 143	Grund 155
Árfjara 4	Hádegisfjall 71
Ármýri 116	Hádegisflói 104
Austaraflag 138	Hádegislækur 72
Austurbær 122	Hádegisslakki 105
Axlarflaga efri 82	Hafnará 2
Axlarflaga neðri 83	Hafnarárós 3
Axlir 85	Hafnardalur 94
Bakkaá 1	Hallið með Stórholtinu 78 = 77
Bakkadalur 69	Háubakkavað 40
Bakkaflói 30	Heiðarþúfuflói 58
Bakkaháls 10	Heiðarþúfuháls 59
Bakkaheiði 93	Hjallhóll 125 = 126
Bakkakrókur 17	Hjallhúshóll 126 = 125
Bakkamelur 113	Hlaða 61
Bakkanúpur 87	Hlöðuengi 75
Bakkasandur 28	Hlöðueyri 60
Bakkavík 18 = 19	Hlöðulækur 63
Bakki 143 = 142	Hólmavatn 92
Barðhús 144	Hringur, Innri- 153
Barðhúshlaða 145	Hringur, Ytri- 154
Barðhúshóll 143	Hölná 32
Beitarhús 45	Hölnáreyrar 50
Beitarhúsamelur 49 = 48	Hölnárhvammur 43
Bláamöl 29	Hölnármelar 52
Borgartún 132	Innrasel 64 = 103
Borgartúnsdökk 128	Innri-Hringur 153
Brunndökk 124	Innri-Sellækur 65
Bæjarflúð 20	Innri-Vegadökk 54
Bæjarkelda 117 = 118	Jónsmýri 112
Dabbakofi 141	Kelda 118 = 117
Dabbasléttur 140	Kelda, Vestari- 152
Efrilón 86	Klungur 14
Einarssléttur 137	Kot 111
Enni 53	Kotmýri 110
Fiskihúshóll 121	Kristínarhóll 119
Flóðvað 39	Kristjönuflói 96
Flóðvaðshylur 38	Kríuklettur 22
Fremrasel 103 = 64	Kríusund 23
Fremribrot 35	Kríutjarnarflói 98
Gamli-Nátthagi 150	Krókar 84
Góðaflaga 81	Krummabás 12
Góðuflögulækur 80	Krummanef 11
Grasdalslækur 8	Kúaflaga 79
Grasdalur 9	Kvíamóssléttur 134
Grísarholt 67	Lambhús 147
Grísarkot 68	Lambhúshlaða 148
	Lambhúshóll 146
	Langatjörn 89

Langhóll 127
 Lending 19 = 18
 Litlibás 13
 Ljósalandsvatn 91
 Lómatjörn 31
 Lækjarflúð 21
 Marteinslaða 130
 Marteinshús 129
 Miðás 99
 Miðdegisflói 106
 Miðholt 73
 Miðholtslækur 74
 Miðnef 6
 Miðnefsbás 7
 Miðtungu 57
 Milli selja 66
 Mjóatjörn 90
 Nátthagi, Gamli- 150
 Neðrilón 95
 Norðurbær 123
 Reiðhryggsflói 56
 Reiðhryggur 55
 Réttarhöfðaflúð 26
 Réttarhöfði 25
 Réttarmór 136
 Réttarmóssléttur 135
 Sandbrot 27
 Sandlækur 33
 Sandtungu 133
 Selasteinn 16
 Selfjall 102
 Selflói 101
 Sellækur, Innri- 65
 Sigrúnarsker 24
 Sigurðarstaðasund 114
 Sigurðarstaðir 115
 Skriða(n) 15
 Smiðjustykki 149
 Stekkjarhringur 37
 Stekkjarnes 36
 Stekkjarvað 41
 Stórhóll 109
 Stórholt 51
 Stórholtshall 77 = 78
 Stórholtslækur 70
 Strandhafnarmóar 107
 Strandhafnarstykki 139
 Sveigar 108
 Sveinshús 131
 Tjarnir 88
 Tvísteinamelur 44
 Tvísteinar 34
 Vaðhvammur 46 = 47
 Vegadokk, Innri- 54
 Vegadokk, Ytri- 42
 Vegahvammur 47 = 46
 Vestaraflag 151
 Vestarigirðing 156
 Vestari-Kelda 152
 Ytrasel 62
 Ytri-Hringur 154
 Ytri-Vegadokk 42
 Yztanef 5
 Þorláksflói 100
 Þorskhausakelda 97
 Þrívörður 76
 Þverholt 48 = 49
 Öskubakki 120

Bakki

Skeggjastaðahreppi

N.-Múl.

1. Er nokkuð frekar vitað um nafnið Sigrúnarsker?
2. Er rétt við Réttarhöfða?
3. Hvað eru Sandabrot? Heita þau því nafni eða Sandbrot?
4. Eru stekkjarrústir á Stekkjærnesi?
5. Er Stekkjarhringur hringlaga?
6. Eru Tvísteinar tveir steinar eða einn klofinn steinn?
7. Hvað er Hlaða?
8. Eru seljarústir í Ytra- og Innra- (eða Fremra-) Seli?
9. Er vitað um tilefni nafnanna Kristjónuflói, Þorláksflói og Jónsmýri?